

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Krístrúnu Frostadóttur um fjölda legurýma.

1. *Hver er fjöldi legurýma á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri?*

Í starfsemistölum Landspítala vegna máí 2023 kemur fram að meðalfjöldi opinna rýma sé 626. Um síðustu áramót færðist rekstur Vífilsstaða frá Landspítala til Heilsuverndar en þar voru 42 rými sem færðust á milli rekstraraðila. Landspítali hefur forgang í þau legurými og nýtir þau eftir þörfum.

Á sjúkrahúsinu á Akureyri eru 106 legurými (sjúkrarými).

2. *Hver er fjöldi legurýma á öðrum heilbrigðisstofnunum um land allt? Svar óskast sundurliðað eftir heilbrigðisstofnunum og tegund rýma eftir sérgreinum.*

Undir legurými flokkast öll þau rými sem ætluð eru til innlagnar, þ.e. sjúkrarými, endurhæfingarrými, geðrými, hjúkrunarrými og dvalarrými. Tæplega þrjú þúsund hjúkrunar- og dvalarrými er á landsvísu og eru ýmist rekin af ríkinu, þ.e. á heilbrigðisstofnunum (475 hjúkrunarrými), sveitarfélögum eða sjálfseignarstofnunum. Í fyrirspurninni er spurt um fjölda legurýma á heilbrigðisstofnunum og miðast svarið við það.

#### Landspítali

Skurðlækningasvið	86
Hjarta-, æða- og krabbameinssvið	87
Kvenna- og barnasvið	98
Lyflækninga- og bráðasvið	112
Öldrunar- og endurhæfingarsvið	146
Geðsvið	97

#### Sjúkrahúsið á Akureyri

Skurðlækningadeild	20
Lyflækningadeild <sup>1</sup>	23
Gjörgæsludeild	5
Barnadeild	8
Geðdeild	10
Kristnesspítali	32
Fæðingardeild	8

#### Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Akranes – Handlækningadeild	14
Akranes – Kvennadeild	10
Akranes – Lyflækningadeild	16
Hólmavík – Hjúkrunardeild	7
Hvammstangi – Hjúkrunardeild	15
Stykkishólmur – Sjúkradeild	6
Stykkishólmur – Hjúkrunardeild	15

<sup>1</sup> Tímabundið sett niður í 20 rými vegna mannekleu.

**Heilbrigðisstofnun Vestfjarða**

Ísafjörður – Eyri hjúkrunarheimili	30
Ísafjörður – Fæðingardeild	1
Ísafjörður – Sjúkradeild	15
Ísafjörður – Öldrunardeild	18
Bolungarvík – Hjúkrunarheimili	10
Patreksfjörður – Hjúkrunardeild (hjúkrunarrými)	11
Patreksfjörður – Legudeild	2
Þingeyri – Tjörn (hjúkrunarrými)	6

**Heilbrigðisstofnun Norðurlands**

Blönduós – Sjúkrarými	3
Blönduós – Hjúkrunarrými	22
Blönduós – Dvalarrými	9
Sauðárkrókur – Sjúkrarými	9
Sauðárkrókur – Hjúkrunarrými	45
Sauðárkrókur – Dvalarrými	9
Fjallabyggð – Sjúkrarými	3
Fjallabyggð – Hjúkrunarrými	20
Húsavík – Sjúkrarými	8
Húsavík – Hjúkrunarrými	54
Húsavík – Dvalarrými	7

**Heilbrigðisstofnun Austurlands**

Neskaupstaður – sjúkrarými	23
Neskaupstaður – hjúkrunarrými	10
Egilsstaðir – sjúkrarými	4
Egilsstaðir – hjúkrunarrými Dyngja	32
Seyðisfjörður – hjúkrunarrými Fossahlíð	18
Eskifjörður – hjúkrunarrými Hulduhlíð	20
Fáskrúðsfjörður – hjúkrunarrými Uppsalar	20

**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**

Selfoss – Lyflækningadeild	18
Selfoss – Lyflækningadeild – líknardeild	4
Selfoss – Hjúkrunardeildir	102
Vestmannaeyjar – Sjúkradeild	9
Vestmannaeyjar – Sjúkradeild – hjúkrunarrými	9
Vestmannaeyjar – Hraunbúðir	34
Höfn – Sjúkrarými	3

**Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**

Lyflækningadeild	23
Fæðingavakt	4
Víðihlíð í Grindavík (hjúkrunarrými)	20

3. Hver var fjöldi legurýma á tímabilinu 2008–2022? Svar óskast sundurliðað eftir ári.

Sjá töflu í fylgiskjali.

4. Hver var nýting legurýma á sama tímabili?

Sjá töflu í fylgiskjali.

Þar sem raungögn lágu ekki fyrir aftur í tímann í öllum tilfellum varð að fá fjölda rýma miðað við fjárveitingu stofnana. Því getur nýtingarhlutfall í einhverjum tilfellum miðast við annan fjölda rýma en þann sem kemur fram í töflunni.

5. *Eru áform um fjölgun legurýma á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum á tímabilinu 2024–2028? Ef svo er, er gert ráð fyrir þeirri fjölgun í fjármálaáætlun? Á hvaða mati byggist ákvörðun um fjölda rýma?*

Fjöldi og gerð legurýma á heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum landsins ræðst af þörfinni fyrir rýmin, möguleikanum á að veita þjónustu á hverjum stað með tilliti til mannafla, aðstöðu og búnaðar. Í skýrslu McKinsey frá árinu 2021 um framtíðarþróun þjónustu Landspítala er spáð fyrir um rýmisþörf og áætlað að heildarþörfin árið 2026 verði 729 rými á Landspítala, en með opnun meðferðarkjarnans á Hringbraut er áætlað að heildarfjöldi rýma verði 730. Aukin rýmaþörf er fyrst og fremst til komin vegna markmiða um að lækka núverandi rýmisnýtingu úr 97% niður í 85% hlutfall. Búist er við mestum vexti á rýmum á sviði lyflækninga- og bráðaþjónustu. Unnið er í átt að því markmiði.

Fjöldi legurýma á sjúkrahúsum er í alþjóðlegum samanburði mældur í fjölda rýma á hverja 1000 íbúa. Í þeim samanburði hefur Ísland verið á svipuðum stað og Norðurlandahjóðirnir. Legurými á þúsund íbúa hér á landi er 2,85, í Svíþjóð eru þau 2,1 á hverja þúsund íbúa, í Danmörku 2,6 og Noregi 3,4.

Í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 er fjallað um að fækkun legurýma á undanförunum árum sé í takt við þróun norrænna heilbrigðiskerfa og sé m.a. vegna tækni framfara í meðferðar-tækni, styttri legutíma og aukinni áherslu á meðhöndlun sjúklunga á dag- og göngudeildum.

Á síðari árum hafa sjúkrahúsin í nágrenni höfuðborgarsvæðisins í einhverjum tilfellum fengið viðbótarfjármagn til að fjölga sjúkrarýmum tímabundið til að bregðast við aukinni þörf Landspítala, m.a. vegna álags tengt Covid-19 og skorts á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu. Rekstur slíkra viðbótarýma hættir þegar ekki er þörf fyrir þau lengur.

Jafnframt hefur sú þróun átt sér stað á undanförunum árum hjá heilbrigðisstofnunum á Landsbyggðinni að breyta sjúkrarýmum í hjúkrunarrými þar sem talið er að hjúkrunarrýmin mæti frekar þörfinni fyrir legurými heldur en sjúkrarými.



